

Guðmundur Jóhannesson  
Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins



## Nokkrar tölur úr skýrsluhaldi nautgriparæktarinnar 2016

Eins og fram hefur komið voru afurðir efir hverja árskú á síðasta ári þær mestu sem mælst hafa hingað til eða 6.129 að meðaltali. Þetta er mikil aukning en á sér án efa skýringar í m.a. miklum gæðum heyja frá sumrinu 2015. Afurðaaukningin frá árinu áður nemur 4,8%.

Hér er hins vegar ætlunin að líta til annarra niðurstaðna úr skýrsluhaldi naugriparæktarinnar en afurðatalna. Þátttaka bænda í skýrsluhaldi er mjög góð þó ávallt megi gera betur og söknum við allra þeirra sem utan þess standa. Með nýjum samningi um starfsskilyrði naugriparæktar verður þó breyting á þegar skýrsluhald verður skilyrði fyrir greiðslum. Reikna verður með að allir kúabændur muni taka þátt í skýrsluhaldi á árinu 2017. Á síðasta ári skiluðu 93% búanna skýrslum og eru þau bú með 96,5% allrar innleggsmjólkur á landinu. Eins og áður hefur komið fram var meðalbústærðin 43,5 árskúr og er það minnkun um 0,5 árskúr frá fyrra ári. Meðalinnlegg þessara bú jókst nokkuð milli ára eða um 25.905 lítra að meðaltali þannig að meðalinnlegg á skýrslubú í fyrra nam 259.896 lítra. Þessar tölur miðast við bú með innlegg allt árið.

### Mjólkurnýting

Mjólkurnýting, þ.e. hlutfall skýrslufærðrar mjólkur sem skilar sér sem innlegg, var 96,4% á síðasta ári samanborið við 95,8% árið áður. Í heildina er áreiðanleiki skýrsluhaldsins mjög mikill og mismunur á skýrslufærðri og innlagðri mjólk mjög líttill og innan ásættanlegra marka. Í örfáum tilvikum er þó raunin á annan veg og alveg að skekkja er utan þeirra marka sem hægt er að sætta sig við. Í þeim tilvikum þurfa menn að taka sig á en þetta er nánast bundið við bú þar sem óregla er á skráningum og skýrsluskilum. Það er þó algjörlega fráleitt að draga áreiðanleika skýrsluhaldsins í heild sinni í efa þó upp komi einstök tilvik sem betur mega fara. Þá skulum við horfa á þá staðreynd að í dag skila um og yfir 90% búanna skýrslum mánaðarlega en fyrir aðeins 10 árum síðan var þetta hlutfall milli 60 og 70%. Ég held að þeir sem telja skýrsluhald hérlendis hafa færst til verri vegar ættu að hafa þetta í huga og koma með góð og haldbær rök fyrir því að betra sé að skila sjaldnar en oft.

### Efnainnihald

Þróun í efnainnihaldi stóð í stað að segja má. Fituhlutfall innleggsmjólkur hækkaði milli ára, úr 4,11% í 4,14%, en próteinhlutfall lækkaði, úr 3,32% í 3,29%. Í sambandi við efnahlutföll í mjólk er ástæða er til að nefna það hér að of mikið af kýrsýnum með of háu eða of lágu efnainnihaldi kemur inn til greiningar. Þetta á einkum við um fituhlutfall og mjög brýnt að menn vandi mjög til sýnatöku auk þess að taka ekki sýni úr kúm sem eru mjög stutt frá burði eða nánast orðnar geldar.

### Aldur við 1. burð

Varðandi burðaraldur 1. kálfs kvígna þokuðust mál til betri vegar á síðasta ári og lækkaði burðaraldur milli ára úr 28,6 mánuðum í 27,4 mánuði til jafnaðar. Þrátt fyrir þetta er ljóst að alltof margar kvígur bera of gamlar hérlendis og kostar þetta greinina gríðarmikla fjármuni í húsnæði, fóðri og vannýttum framleiðslueiningum. Í lækkun aldurs við 1. burð er þó nokkra

hagræðingu að sækja sem bætt getur hag kúabænda nokkuð en allir bændur ættu að stefna að því að láta kvígurnar bera 24-25 mánaða eins og síaukinn fjöldi bænda góðu heilli gerir.

### Ásetningur nautkálfa

Á síðasta ári dróst ásetningur nautkálfa saman hlutfallslega en sé horft til fjölda ásettra nauta jókst ásetningur um 2,2%. Skýringin á þessu er sú að skráðum burðum fjölgaði nokkuð milli ára sem er mjög eðlilegt ef fjölgun kúa er höfð í huga. Nokkrar breytingar eru þó að verða í ásetningsmynstrinu og æ fleiri kúabú einbeita sér að framleiðslu mjólkur án kjötframleiðslu með eldi nauta.

### Förgunarástæður

Á árinu 2015 var tekin upp sú nýjung í Huppu að hægt er að skrá tvær förgunarástæður á mjólkurkúr. Í 17,2% tilvika voru skráðar tvær förgunarástæður og er algengast að þar sé um ræða júgurbólgu með einhverri annarri ástæðu. Af einstökum förgunarástæðum er júgurbólga algengasti förgunarvaldurinn eða í 23% tilvika. Næst algengast er að kúnum sé fargað vegna ófrjósemi, þ.e. þær festa ekki fang og fara því yfir móðuna miklu af þeirri ástæði. Þetta á við í um 13% tilvika. Næst í röðinni koma júgur- og/eða spenagallar sem er tilgreind ástæða í 11% tilvika og síðan koma litlar afurðir í 10% tilvika. Aðrar ástæður eru sjaldnar tilgreindar.

### Æviafurðir

Í Bændablaðinu fyrir nokkrum vikum var farið yfir afurðahæstu kúr ársins 2016. Naugripærktarkerfið Huppa hefur nú verið í notkun í rúmlega 8 ár og þar er að finna afurðaupplýsingar fyrir einstaka gripi frá árinu 2006. Í kerfinu er því að finna allar afurðir mikils meirihluta núlifandi gripa og því ekki úr vegi að skoða aðeins hvaða gripir hafa mjólkað mest á æviskeiðinu, þ.e. æviafurðirnar. Þær kúr sem eru skráðar með mestu æviafurðir í Huppu og eru annað hvort lifandi enn eða voru felldar á árinu 2016 eða síðar eru eftirtaldar kúr:

| Kúr                     | Bú                                       | Faðir           | Staða   | F.ár | D.ár | Burðir | Ævi-<br>afurðir,<br>kg | Afurðir á<br>dag frá<br>fæð., kg |
|-------------------------|--|-----------------|---------|------|------|--------|------------------------|----------------------------------|
| 1600821-1089<br>Laufa   | Flatey, Hornafirði                       | 96028 Fróði     | Lifandi | 2004 |      | 10     | 86205                  | 18,3                             |
| 1528131-0534<br>Vorkoma | Garður, Eyjafirði<br>Hrepphólar,         | 96007 Prakkari  | Lifandi | 2004 |      | 10     | 85613                  | 18,3                             |
| 0387 Treyja             | Hrunam.hr.                               | 97032 Þverteinn | Dauður  | 2005 | 2016 | 8      | 81975                  | 20,8                             |
| 0447 Braut              | Búvellir, Aðaldal                        | 97010 Stígur    | Dauður  | 2005 | 2017 | 9      | 81058                  | 19,8                             |
| 0245 Fríða              | Miðdalur, Kjós.                          | 94017 Kaðall    | Dauður  | 2002 | 2016 | 10     | 81002                  | 16,9                             |
| 0112 Braut              | Tjörn, Skaga                             | 97010 Stígur    | Lifandi | 2005 |      | 10     | 80601                  | 19,3                             |
| 0093 Etna               | Hagi 1, Skeiða- og Gnúp.                 | 97010 Stígur    | Lifandi | 2005 |      | 10     | 78441                  | 18,0                             |
| 0432 Jana               | Ölkelda 2, Staðarsveit<br>Kirkjulækur 2, | 97010 Stígur    | Lifandi | 2005 |      | 9      | 78322                  | 17,9                             |
| 0416 Básúna             | Fljótshlíð                               | 0339 Hjálmur    | Dauður  | 2006 | 2017 | 8      | 77558                  | 19,4                             |
| 1229 Urður              | Hvanneyri, Andakíl                       | 00010 Laski     | Dauður  | 2007 | 2017 | 7      | 77471                  | 23,2                             |
| 0336 Alda<br>0505 Rauða | Brúnastaðir, Flóa                        | 96028 Fróði     | Lifandi | 2004 |      | 11     | 77131                  | 16,9                             |
| Sería                   | Skarð, Landsveit                         | 0151 Höttur     | Lifandi | 2003 |      | 10     | 77115                  | 15,7                             |

Á þessum lista má sjá kunnugleg nöfn eins Urði 1229 á Hvanneyri sem felld var nú í janúar s.l. eftir farsæla ævi. Ef við skoðum afurðir á dag frá fæðingu mjólkaði hún mest allra kúa eða 23,2 kg. Þessar kúr sem nú standa með mestar æviafurðir eiga þó allnokkuð í að ná Íslandsmeti Mókollu 230 á Kirkjulæk 2 í Fljótshlíð sem mjólkaði alls 114.644 kg.

## Að lokum

Ástæða er til að óska kúabændum til hamingju með góðan árangur á síðasta ári. Sett voru Íslandsmet í meðalafurðum og afurðum einstakra kúa. Hvort afurðir halda áfram að aukast á þessu ári er erfitt að spá fyrir um og kemur þar margt til. Nú um áramótin varð skýrsluhald skilyrði fyrir greiðslum samkvæmt samningi um starfskilyrði nautgriparæktar. Það hefur óneitanlega í för með sér allmiklar breytingar, m.a. þær að inn í skýrsluhald kemur nokkur hópur búa, ýmist á nýjan leik eða í fyrsta skipti.